

**Ed.** **311. Nefndarálit** [126. mál]

um frv. til. l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent frumv. til umsagnar vegamálastjóra, landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins. Vegamálastjóri og landnámsstjóri hafa svarað skriflega og mæla báðir með því, að Öxnadalshreppur fái jörðina keypta. Jarðeignadeildin hefur ekki heldur neitt við það að athuga, að frumv. verði samþykkt.

Ásgeir Bjarnason var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í landbúnaðarnefnd. Aðrir nefndarmenn leggja til, að frumv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. febr. 1963.

Bjartmar Guðmundsson,  
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Jón Þorsteinsson.